



# Skipulags-og byggingarnefnd

Fundargerð

Fundur nr.96 haldinn á skrifstofu Skaftárhrepps Klausturvegi 10, þriðjudaginn 8.október 2013 klukkan 15:00.

Mættir eru Jóhannes Gissurarson formaður nefndarinnar, Guðbrandur Magnússon, Gísli Kjartansson, Sigurlaug Jónsdóttir, Valgerður Erlingsdóttir og Vigfús Þ. Hróbjartsson fulltrúi skipulags-og byggingarmála.

## Dagskrá:

### Byggingarmál:

#### 1. Hrífunes lóð 163373

Gunnar Örn Sigurðsson fyrir hönd Look North ehf sækir um viðbygging við matshl.03. Um er að ræða 2 gistiherbergi, geymslurými og þvottahús samkvæmt meðfylgjandi uppdráttum. Viðkomandi framkvæmd tekur mið af deiliskipulagi sem unnið hefur verið fyrir svæðið.  
*Samþykkt. Fulltrúa skipulags-og byggingarmála falið að ljúka málinu.*

#### 2. Tjaldstæði – Kirkjubæ 2

Benedikt Lárusson f.h. Töllhamars ehf. Kt.460505-1430 sækir um byggingarleyfi fyrir uppsetningu þriggja 11,9 m2 gestahúsa í tengslum við rekstur tjaldstæðis Kirkjubæ 2 samkv. meðfylgjandi uppdráttum.

**Guðbrandur víkur af fundi.**

*Samþykkt. Fulltrúa skipulags-og byggingarmála falið að ljúka málinu. Skipulags-og byggingarnefnd mælist til þess að deiliskipulag verði unnið fyrir svæðið áður en frekari framkvæmdir fara fram.*

## Skipulagsmál

#### 3. Deiliskipulagstillaga Hrífunes lóð 163373

Fjallað var um viðkomandi deiliskipulagstillögu á 91. fundi skipulags-og byggingarnefndar þann 7.maí 2013 þar sem samþykkt var að auglýsa tillöguna í samræmi við 41.gr.skipulagslaga 123/2010.

*Engar athugasemdir bárust við tillöguna og telst hún því samþykkt.*

#### 4. Aðalskipulagsbreyting – Beiðni

Benedikt Lárusson leggur fram tillögu að breytingum á aðalskipulagi Skaftárhrepps 2010-2022 samkvæmt meðfylgjandi bréfi og uppdráttum. Um er að ræða breytingu á skilgreindur landbúnaðarsvæði og þjónustusvæði á aðalskipulagsuppdrætti í útivistarsvæði Ú4.

Viðkomandi aðalskipulagsbreytingu er ætluð til að tryggja rekstur tjaldstæðis á svæðinu til framtíðar. Samfara viðkomandi breytingu yrði farið í deiliskipulagsgerð fyrir svæðið.

*J.G.*

Viðkomandi beiðni er send sveitarstjórn Skaftárhrepps en er tekin fyrir í skipulags-og byggingarnefnd til umsagnar af frumkvæði fulltrúa skipulags-og byggingarmála.

*Skipulags-og byggingarnefnd leggur til að sveitarstjórn samþykki að Skaftárhreppur láti vinna lýsingu aðalskipulagsbreytingar með það að markmiði að stækka svæði Ú4 á aðalskipulagi Skaftárhrepps 2010-2022. Að sama skapi skal leitast við að finna nýtt svæði fyrir verslun-og þjónustu. Nefndin mælist til þess að óskilgreint svæði við frá Klausturvegi 15 að leikskóla og frá leikskóla að hringtorgi verði skilgreint sem verslunar-og þjónustusvæði að hluta eða öllu leiti. Mælist er til þess að svæði hjá útihúsum Kirkjubæ 2 og til austurs verði ekki skilgreint sem svæði fyrir íbúðarhús heldur sem Ú4 eða landbúnaðarsvæði. Leitast skal við að halda svæði sem skilgreint er sem þjónustusvæði S5 við Klausturhóla. Tjaldsvæði verði því víkjandi á því svæði. Mælist er til þess að kostnaður vegna viðkomandi aðalskipulagsbreytingar verði á höndum sveitarfélagsins.*

**Guðbrandur mætir aftur á fund**

#### **5. Deiliskipulagsbreyting – Iðjuvellir**

Viðkomandi breyting tekur til deiliskipulags sem samþykkt var í sveitarstjórn þann 24.ágúst 2004. Í breytingunni felst að innkeyrsla frá Suðurlandsvegi gengt Iðjuvöllum 5 færist til vesturs og verði á lóðarmörkum Iðjuvalla 3 og 5. Byggingareitur Iðjuvalla 1 færist til norðurs nær Suðurlandsvegi.

*Samþykkt. Þar sem viðkomandi breyting telst óveruleg samkvæmt 2.mgr.*

*43.gr.skipulagslaga er mælist til þess að tillagan verði send til umsagnar vegagerðar og í grenndarkynnt í kjölfarið þeirrar umsagnar.*

#### **6. Giljaland – Deiliskipulag**

Deiliskipulag þetta nær yfir hluta lögbýlis Giljalands í Skaftárhreppi. Deiliskipulagssvæðið er um 4,6 ha að stærð og nær yfir svæði þ.s. nú þegar eru byggingar. Skipulagið tekur til byggingar á íbúðarhúsi, sumarhúsi, tveimur ferðapjónustuhúsum til útleigu og vélageymslu.

*Samþykkt. Nefndin mælist til þess að málið verði auglýst í samræmi við 41.gr.skipulagslaga nr.123/2010.*

Önnur mál:

#### **7. Ósk um framkvæmdaleyfi**

Vegagerðin kt.680269-2899 sækir um framkvæmdaleyfi fyrir efnistöku úr námu merkt N29 á aðalskipulagi Skaftárhrepps undir heitinu Eldvatnsgryfja. Áætlað er að alls verði teknir 15.000 m<sup>3</sup> af efni úr námunni, en einnig verður notað unnið efni sem til er í námunni. Gengið hefur verið frá samkomulagi við landeiganda vegna efnistöku.

*Samþykkt. Fulltrúa skipulags-og byggingarmála falið að ljúka málinu.*

#### **8. Stöðuleyfi – Skaftárskáli**

Guðmundur Vignir Steinsson fh. Systrakaffis kt.530201-2010 sækir um stöðuleyfi fyrir uppsetningu 20 feta frystigáms við Skaftárskála. Fyrir er gámur á stöðuleyfi við Skaftárskála, viðkomandi gámur verður staðsettur við hlið hans samkvæmt meðfylgjandi uppdrætti.

*Samþykkt að veita stöðuleyfi til árs samkvæmt meðfylgjandi umsókn og uppdráttum.*

#### **9. Stöðuleyfi – Systrakaffi**

Guðmundur Vignir Steinsson fh. Systrakaffis kt.530201-2010 sækir um stöðuleyfi fyrir uppsetningu 40 feta geymslugáms við Klausturveg 13 samkvæmt meðfylgjandi uppdrætti.

H 7-9.

Gámurinn verður staðsettur við norðurvegg hússins, til stendur að mála hann og/eða klæða í sama lit og húsið.

**Samþykkt að veita stöðuleyfi til árs samkvæmt meðfylgjandi umsókn og uppdráttum.**

Jökunnos Gíslasórn  
Valurður Þorlínusdóttir  
Ólafur Pjetursson  
Ludbrandur Magnússon  
Vigdís Þ. Aróbjartsson